

**Nd.**

### **381. Frumvarp til laga**

um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Haraldur Guðmundsson.

Ellistyrktarsjóðir bæjar- og sveitarfélaga, sem nú eru á vöxtum í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, skulu nú þegar, þrátt fyrir ákvæði 18. gr. söfnunarsjóðslaganna, fluttir í útborgunardeild sjóðsins og falla til útborgunar 1. júlí 1939 til tryggingarstofnunar ríkisins.

Söfnunarsjóðurinn greiðir ellistyrktarsjóðina með skuldabréfum, sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteignum og skuldabréfum, sem sveitar- og bæjarfélög hafa gefið út með tryggingu í eignum sínum og tekjum, eftir nánara samkomulagi við tryggingastofnun ríkisins.

#### **Greinargerð.**

Í lögum nr. 74 frá 31. des. 1937, 76. gr., er mælt svo fyrir um ellistyrktarsjóðina: „Skal fé þeirra, ef það verður handbært, flytjast í lífeyrissjóð Íslands og ávaxtast þar, og ávallt skal stofnun sú, er ávaxtar sjóðina, greiða ársvextina að fullu“.

Stofnun sú, sem hér um getur, er Söfnunarsjóður Íslands, því ellistyrktarsjóðirnir standa í aðaldeild hans.

Það er þvert ofan í fyrirmæli laga um söfnunarsjóðinn frá 10. febr. 1888, að útborgaðir séu allir ársvextir af innstæðum, sem ávaxtaðar eru í aðaldeildinni. Ávallt ber að leggja nokkuð af ársvöxtunum við innstæður þær, sem ávaxtaðar eru í þeirri iðnaðarmanna, um þörfina fyrir fjölgun iðnnema í iðninni. Á þeim stöðum, þar sem félög sveina og meistara í einhverri iðngrein hafa komið sér saman um tölu iðnnema, kaup og kjör, skal því samkomulagi ekki raskað af iðnaðarfulltrúum.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Aftan við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar, sem sjúkrasamlag er starfandi, skulu meistarar greiða iðgjöld til þess fyrir nemendur sína, meðan á námstímanum stendur, enda eigi þá nemendur ekki aðgang að meistara sínum um þau hlunnindi, er sjúkrasamlagið veitir.

3. Við 3. gr. (sem verður 4. gr.). Í stað orðanna „einhver iðnaðarfulltrúi“ komi: tveir iðnaðarfulltrúar.

Um aðrar breytingartillögur áskilja nefndarmenn sér óbundið atkvæði.

Alþingi, 28. apríl 1938.

Emil Jónsson,            Sig. Ein. Hliðar,            Pálmi Hannesson.  
form., frsm.            fundaskrifari.

Bjarni Ásgeirsson.            Sigurður Kristjánsson.